

Ed.

105. Frumvarp

til laga um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., gegn því, að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

2. gr.

Íslandsbanki er skyldur til að greiða ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytja á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar.

Nú getur Íslandsbanki ekki yfirfært fje fyrir Landsbankann eins og að framan er tilskilið, og fellur þá óinnleysanleiki seðla Íslandsbanka úr gildi gagnvart Landsbankanum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.